

Sp.

6. Tillaga til þingsályktunar

um, að vinnufatnaður og vinnuskór séu undanþegnir skömmtnun.

Flm.: Hermann Guðmundsson, Sigurður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að skömmtnunarfyrrirkomulagi því, sem birt er í auglýsingu nr. 8 1947 frá skömmtnunarstjóra, og áður birtri auglýsingu um skóskömmtnun, verði breytt á þann veg, að vinnufatnaður og vinnuskór verði undanþegnir skömmtnun eða sérstök skömmtnun fari fram á vinnufatnaði og vinnuskóm til þeirra, sem þess þarfnast, og tryggt sé, að nægar birgðir af hvoru tveggja séu ávallt til í landinu.

Greinargerð.

Í skömmtnunarfyrrirkomulagi því, sem gekk í gildi 1. okt. s. l., er svo ákveðið, að öll vefnaðarvara, þar á meðal vinnufatnaður, skuli skömmtnuð á þann veg, að hver einstaklingur má aðeins kaupa vefnaðarvörur og búshöld fyrir einar hundrað krónur í þrjá mánuði. Með núverandi verðlagi er það því ekki mikið magn, sem hverjum er ætlað á þessu tímabili, og fyrir verkamenn og annað vinnandi fólk, sem verður vegna starfs síns að kaupa vinnufatnað fyrir þennan knappa skammt, auk annarrar vefnaðarvöru og búshalda, er þessi skömmtnun svo fráleit, að engu tali tekur.

Svipuðu máli gegnir um skömmtnun á skófatnaði, sem ákveðin var í september og vinnuskófatnaður fellur undir. Augljóst er, að þótt þeir, sem erfiðisvinnu stunda, verji stofnauka sínum til kaupa á vinnuskóm, þá endast þeir skór ekki í 9 mánuði.

Ætla verður að óreyndu, að þetta skömmtnunarfyrrirkomulag á áðurtöldum vörum hafi frekar verið ákveðið af þekkingarleysi en því, að ætlunin sé sú, að verkamenn og aðrir vinnandi menn stundi störf sín klæða- og skólausir.